



Reglugerð fyrir heiðursmerki SKÍ

Heiðursmerki SKÍ eru 3 talsins.

1. Silfurmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr silfri og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíða- og snjóbreittaíþróttarinnar hjá SKÍ og aðildarfélögum þess í áratug eða lengur. Þó getur stjórn SKÍ sæmt menn silfurmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að áratugar starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn silfurmerki eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðsþjálfari.

2. Gullmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr gulli og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíða- og snjóbreittaíþróttarinnar hjá SKÍ- og aðildarfélögum þess til langs tíma og gegnt þýðingarmiklum störfum.

3. Heiðursstjarna SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ á stjörnu í litum sambandsins með borða í íslensku fánalitunum. Heiðursstjarna SKÍ er æðsta viðurkenning SKÍ og veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim einstaklingum sem unnið hafa skíða- og snjóbreittaíþróttinni ómetanlegt gagn um árabíl. Heiðursstjörnu skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjal.

Stjórn SKÍ tekur við tillögum að heiðursviðurkenningum frá aðildarfélögum SKÍ.

SKÍ skal halda skrá um handhafa heiðursmerkja á heimasíðu SKÍ.

Samþykkt á Skíðapingi, 18. og 19. nóvember 2022